

Fundur Öldungadeildar Læknafélags Íslands 3. janúar 2018 haldinn í Hlíðarsmára 3, Kópavogi

Formaður, Kristófer Þorleifsson, setti fund kl. 16:00 eftir að fundarmenn höfðu safnast saman og gætt sér á kafi og meðlæti.

K.Þ. minntist félaga sem látist höfðu frá síðasta fundi, þeirra Pedro Riba Ólafssonar svæfingalæknis og prófessors Margrétar Guðnadóttur sýkla- og ónæmisfræðings. Risu menn úr sætum og vottuðu þeim virðingu sína.



Formaður kynnti fyrirlesara fundarins, dr. med.

Halldór Baldursson bæklunarlækni sem að afloknu sérfræðinámi í Svíþjóð starfaði sem yfirlæknir bæklunarskurðlækninga á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og síðar á Landspítala og loks við friðargæslustörf á vegum Sameinuðu þjóðanna og NATO og síðast hjá Tryggingastofnun Ríkisins.

H. B. Nefndi fyrirlesturinn „**strand herskipins Gautaborgar við Íslandsstrendur 1719**“.

Á þessum árum áttu Svíar og Danir í hörðum stríðsátökum sem m. a. komu hart niður á Íslandssiglingum frá Kaupmannahöfn. Dansk-Norski flotanum, sem var öflugur, hafði tekist að ná all mörgum herskipum Svía. Vegna mikilvægis siglinga til Íslands brugðu Danir á það ráð að senda eitt þessara herskipa, herskipið Gautaborg, með Íslandsskipunum þeim til varnar. Gekk siglingin út til Íslands áfallalaust. Lá skipið við festar í Hafnarfirði fram undir haust en brottför tafðist í bið eftir veiðifálkum sem það átti að hafa meðferðis til kógsins í Kaupmannahöfn! Loks þegar skipið hafði lagt úr höfn og komið suður fyrir Reykjanes brast á fárviðri, stýrikerfi skipsins laskaðist og varð það stjórnlaut. Varð þá eitt ráð að hleypa skipinu í land skammt vestan Ölvasárósa. Komust 174 skipsmenn lifandi í land, en 8 fórust. Öll skráning skipsins („journal og protokoll“) varðveittist. Byggðist frásögn H. B. á þeim skrá. Að björgun manna lokinni lá fyrir að bjarga verðmætum úr skipunum áður en það brotnaði í spón s. s. viðium og járn sem mest voru naglar, alls 9 tonn járn. Var allt nýtilegt góss boðið

upp og selt fyrir „slikk“. Var ekki skortur á efni í skeifur sunnlenskra hesta næstu árin. Að björgun lokinni var næst að koma skipbrotsmönnum aftur í vinnu, enda undir heraga. Var þeim dreift á betri bæi í Gullbringu-, Kjósar-, Árnes- og Rangárvallasýslum. Voru bændum greiddir fæðispeningar frá danska hernum og þótti vel borgað. Yfirmenn herskipsins voru vistaðir á Bessastöðum. Allt var þetta vel skráð. Ekki var getið um nein lögbrot hásetanna nema etv. einhverjar barneignir, enda voru þetta ungir og hraustir menn. Telur H.B. að íslenskt stjórnkerfi hafi staðið sig með þrýði og öll skráning með fádæmum nákvæm.

Að loknum fyrirlestri báru fundarmenn fram spurningar til fyrirlesara sem hann greiddi skilmerkilega úr. Að lokum var honum afhent viðurkenningarskjal og bókgjöld og sleit formaður síðan fundi. Næsti fundur boðaður að mánuði liðnum og þess vænst að hann geti farið fram í nýuppgerðum fundarsal Læknafélaganna að Hlíðarsmára 8.

Jóhannes M. Gunnarsson, ritari Öldungadeildar LÍ